

## 008/00 - M.b. Gullberg VE-292

Gullberg VE-292, skipverji slasast er hann fellur á milli þilfara

### M.b. Gullberg VE-292

Skipaskr.nr.: 2363

Smíðaður: í Dammörku 1988 úr stáli

Stærð: brl; 1.085,00 bt

Lengd: 54,00 m Breidd: 11,00 m Dýpt: 6,60 m

Vél: Wartsila 2.250,00 kW Ágerð: 1988

Annað:

Földi skipverja: 14



Gullberg ©Þorgeir Baldursson

### Atvikalýsing

Hinn 6. nóvember 1999 var m.b. Gullberg VE-292 að veiðum með nót á 64° 41' N-brd. og 25° 22' V-lgd. Veður: suðvestan bræla.

Skipverjar voru að ganga frá eftir að hafa lokið við að taka inn nótina. Þrír skipverjar voru að ganga frá stútum frá skiljara á gangbraut sem er fyrir framan stýrishús einu þilfari neðar en stýrishúsið. Einn skipverja var á pallinum fyrir framan stýrishúsið til að taka á móti stútunum sem hinir skipverjarnir réttu til hans. Teygði hann sig yfir grindverkið við að taka á móti stútunum frá skipsfélögum. Svo hagar til að tekið er skarð í grindverkið fyrir mótor á kranabómu þegar bóman er sett í þar til gert sæti (sjóbúin). Var skipverjinn nálægt þessu skarði við að taka á móti stútunum og í einni veltunni rann hann til á grindverkinu og lenti í skarðinu og við það missti hann jafnvægið og féll niður á lestarlúku. Skipverjinn gat lítið hreyft sig fyrst á eftir en var síðan hjálpað inn í vistarverur og hlúð að honum.

Til stóð að sigla til Keflavíkur með hinn slasaða en hann taldi að það væri í lagi að halda áfram ferðinni til Vestmannaeyja og var það gert.

### Við rannsókn kom fram

- að ekki er ljóst hvort skipverjinn lenti á skrúfþvingum á lestarlúkunni en óslétt var þar sem skipverjinn kom niður og fallið um 2 metrar;
- að gangur er fyrir framan yfirbyggingu þvert yfir skipið á næsta þilfari fyrir neðan stjórnpall. Er tekið skarð í grindverk, sem liggar þvert yfir skipið við þennan gang, til þess að hægt sé að leggja kranabómu niður þvert í skipinu og þar í sæti. Þar sem kraninn var ekki í sæti sínu þegar skipverjar voru að koma stútunum fyrir í ganginum var umrætt skarð óvarið.

### Nefndarálit

Nefndin telur að miðað við veður og vinnuaðstöðu við að handlanga stútana upp í ganginn af næsta þilfari fyrir neðan hafi ekki verið sýnd nægjanleg varkárni við störf.